

Héraðsdómur Norðurlands vestra

Dómur 11. desember 2025

Mál nr. S-110/2024:

Héraðssaksóknari

(Hilda Rut Harrysdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Andrésí Páli Ragnarssyni

(Jón Stefán Hjaltalín Einarsson lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta var höfðað með ákæru héraðssaksóknara, dags. 19. desember 2024, á hendur Andrésí Páli Ragnarssyni, [...]. Málið var dómtekið 16. október 2025. Gætt var að ákvæðum 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- Dómarinn sem fer með málið tók við meðferð þess 1. september 2025 en hafði engin afskipti af því fyrir þann tíma.
- Í ákæru segir að málið sé höfðað fyrir eftirfarandi brot: „fyrir nauðgun og kynferðisbrot gegn barni, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 1. janúar 2023 áreitt Y, kt. [...], kynferðislega með því að kyssa hana á munninn á heimili hennar að B á A, og í framhaldi af því boðið henni heim til sín í annarri íbúð í sama húsi, farið með hana inn í svefnherbergi sitt, afklætt hana og án hennar samþykkis haft við hana samræði en ákærði nýtti sér yfirburðarstöðu sína vegna aldurs- og þroskamunar og beitti hana þannig ólögumlegri nauðung en Y reyndi ítrekað að fá ákærða til þess að láta af háttseminni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. og 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

- Í ákæru er jafnframt lýst eftirfarandi einkaréttarkröfu: „Fyrir hönd M kt. [...], fyrir hönd ólögráða dóttur hennar, Y, kt. [...], er gerð krafa um að ákærði verði dæmdur til að greiða bætur að fjárhæð kr. 3.500.000, með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2023 til þess dags er mánuður er liðinn frá

birtingu bótakröfu en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð krafa um þóknun vegna starfa réttargæslumanns að mati réttarins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, en þá er auk þess krafist virðisaukaskatts af málflytninguþóknun.“

5. Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins og þess að allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns greiðist úr ríkissjóði. Þá krefst ákærði þess að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi.

Helstu málsatvik

Skýrsla lögreglu, dags. 19. júní 2023

6. Í skýrslu lögreglu, dags. 19. júní 2023, er því lýst að barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar hafi 26. apríl 2023 borist tilkynning frá sálfræðingi á Heilbrigðisstofnun Norðurlands þar sem fram hafi komið að móðir brotaþola hafi lýst því að brotaþola hafi verið nauðgað um síðustu áramót af ákærða. Ákærði eigi að hafa verið búsettur í sama húsi og mæðgurnar á A.
7. Brotaþoli hafi farið í viðtal hjá félagsráðgjafa hjá barnaverndarþjónustu 9. júní 2023 og greint frá því að hún hafi verið mjög drukkin á heimili sínu um áramótin en ákærði hafi verið þar líka. Brotaþoli hafi sagt að ákærði hafi verið með mjög óviðeigandi tal við hana en hún hafi ekki viljað lýsa því nánar hvað hann sagði við hana. Haft er eftir brotaþola að ákærða hafi verið kunnugt um hve gömul hún væri, en hún hafi verið rétt að verða 15 ára. Þá er haft eftir brotaþola að hún hafi farið með ákærða niður í íbúð hans og þar hafi hann „gert þetta“. Hún hafi ítrekað sagt honum að hætta en hann hafi haldið áfram. Hún hafi sagst hafa ælt um allt heima hjá ákærða, grátið mikið og síðan farið upp í sína íbúð. Brotaþoli hafi í viðtalinu ekki treyst sér til að segja frá því hvað hún meinti þegar hún sagði að ákærði hafi „gert þetta“. Brotaþoli hafi sagt að ákærði hafi verið í samskiptum við hana nokkru eftir atvikið og viljað hitta hana, m.a. til að „djamma“ með henni.
8. Í skýrslunni segir einnig að móðir brotaþola hafi sagt að brotaþoli hafi, þegar hún kom aftur upp frá íbúð ákærða, tjáð sér að eitthvað kynferðislegt hafi gerst og brotaþoli hafi jafnframt sagt henni að hún hafi ekki viljað það.
9. Fram kemur að móðir brotaþola, brotaþoli og eldri hálfbróðir brotaþola hafi flutt til H [...]. Barnaverndarþjónusta Mið-Norðurlands hafi um nokkuð langt skeið haft afskipti af málum brotaþola vegna áhættuhegðunar hennar, svo sem áfengisneyslu, skólaforðunar,

lyfjanotkunar og sjálfsskaða. Móðir brotaþola hafi glímt við vímuefnavanda, átt erfitt með að setja brotaþola mörk og vanrækt umsjón og eftirlit með henni.

Tilkynning til barnaverndar

10. Í fyrrgreindri tilkynningu sálfræðings á heilsugæslu til barnaverndar, 26. apríl 2023, segir að móðir hafi greint frá því að brotaþola hafi verið nauðgað um sl. áramót. Áður hafi brotaþola verið tvívegis nauðgað af öðrum.

Gögn frá félagsráðgjafa

11. Í bréfi, dags. 15. júní 2023, frá félagsráðgjafa hjá barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar til lögreglu, segir að 26. apríl sama ár hafi borist tilkynning frá sálfræðingi, þar sem móðir brotaþola hafi lýst því að stúlkunni hafi verið nauðgað um sl. áramót af fullorðnum aðila. Meintur gerandi hafi verið búsettur í sama húsi og mæðgurnar á A. Brotaþoli hafi komið til viðtals við félagsráðgjafann 9. júní 2023. Þar hafi hún staðfest það sem fram kom í tilkynningunni. Hún hafi lýst því að um áramótin hafi hún verið drukkin á heimili sínu á A og umræddur gerandi, sem hafi verið nágranni hennar, hafi einnig verið staddur þar. Hún hafi sagt frá því að í samtölum þeirra hafi hann verið með óviðeigandi tal við hana. Hún hafi ekki viljað lýsa því nánar hvað hann hefði sagt við hana en sagt það hafa verið mjög óviðeigandi. Brotaþoli hafi sagt ákærða hafa vitað hve gömul hún væri en hún hafi verið rétt að verða 15 ára. Hún hafi lýst því að hafa verið mjög drukkin og saman hafi þau farið niður í íbúð mannsins og hann „gert þetta“. Hún hafi ítrekað sagt honum að hætta en hann hafi haldið áfram. Hún hafi ælt út um allt heima hjá honum og grátið mikið og farið upp í sína íbúð. Í samtalinu hafi stúlkan ekki treyst sér til að segja starfsmanninum nákvæmlega hvað hún ætti við með því að „hann gerði þetta“. Fram hafi komið hjá stúlkunni að nokkru eftir atvikið hafi maðurinn verið í samskiptum við hana og viljað hitta hana, m.a. til að „djamma“ með henni.
12. Fyrir liggi upplýsingar frá móður um að stúlkan hafi tjáð henni, þegar hún kom upp aftur úr íbúð mannsins, að eitthvað kynferðislegt, sem stúlkan hafi ekki viljað, hafi gerst.
13. Stúlkan hafi flust með móður sinni til H [...] og sé búsett þar. Barnaverndarþjónusta Mið-Norðurlands hafi um nokkuð langt skeið haft afskipti af málum hennar, m.a. vegna áhættuhegðunar hennar, svo sem áfengisneyslu, skólaforðunar, lyfjanotkunar, sjálfsskaða o.fl. Þá hafi móðir hennar glímt við vímuefnavanda, átt erfitt með að setja stúlkunni mörk og vanrækt umsjón og eftirlit með stúlkunni.

14. Í skýrslu félagsráðgjafans um viðtalið 9. júní 2023 er greint frá frásögn brotaþola af atvikum þess kvölds og nætur sem um ræðir í málinu. Haft er eftir henni að þetta hafi gerst um sl. áramót, 2–3 dögum eftir að stjóri hennar fór af heimili hennar. Um hafi verið að ræða rúmlega þrítugan mann sem hafi búið í sömu blokk og þær mæðgur. Hún hafi þá sjálf verið 14 ára gömul og átt nokkra daga eftir í 15 ára afmælið. Hún hafi greint frá því að hafa sjálf verið að drekka. Þá er haft eftir henni að hún hafi sagt: „Ég sagði hvað ég væri gömul því hann var óviðeigandi við mig í tali“. Aðspurð um hvað hún ætti við hafi brotaþoli sagst ekki vilja tala um það núna. Þau hafi síðan farið niður til hans en meintur gerandi hafi búið fyrir neðan þær í blokkinni. Haft er eftir brotaþola að þar „gerðist þetta“ og að hún hafi verið búin að segja honum oft að hætta en hann ekki hætt. Hún hafi ælt og verið hágrátandi. Félagsráðgjafinn hafi rætt við brotaþola um hvort hún gæti útskýrt betur hvað hún ætti við með „gerðist þetta“ og hvað það þýði en hún hafi bera endurtekið að þar „gerðist þetta“ og ítrekað að hún hafi sagt honum að hætta en hann bara haldið áfram. Haft er eftir brotaþola að hún hafi síðar sagt móður sinni frá þessu, svo frænku sinni og sálfræðingnum.

15. Í skýrslunni er jafnframt haft eftir brotaþola að meintur gerandi hafi nokkru seinna (einhverjum dögum síðar) farið að senda henni skilaboð sem hún hafi lesið upp fyrir starfsmann. Þar hafi maðurinn verið að bjóða henni á „djammið“ og sagst „vera með eitthvað“, sem hún telji að sé áfengi en brotaþoli hafi sagst vera upptekin og ekki viljað hitta hann.

Samskiptaseðill frá sálfræðingi á heilsugæslu

16. Fyrir liggur samskiptaseðill, dags. 27. apríl 2023, ritaður af sálfræðingi hjá heilsugæslunni á Akureyri. Þar er greint frá greiningarviðtölum við brotaþola 27. apríl, 5. maí og 15. maí það ár. Fram kemur að brotaþoli búi við mjög flóknar/erfiðar fjölskylduáðstæður. Hún hafi flutt í mars það ár frá A til H ásamt móður, hálfbróður og [...] sambýlismanni móður. Greint er frá vímuefnavanda móður og því að hún hafi verið svipt tímabundið forsjá tveggja yngri bræðra brotaþola.

17. Fram kemur að brotaþoli hafi ítrekað verið beitt kynferðislegri misnotkun eða orðið fyrir neikvæðri reynslu af kynferðislegum toga. Um sl. áramót hafi hún komist í áfengi hjá móður og farið niður til 33 ára nágranna. Samkvæmt upplýsingum móður hafi stúlkan fengið meira áfengi hjá honum og þegar hún hafi komið upp aftur hafi hún sagt hann hafa nauðgað sér og að hún hafi ælt út um allt hjá honum. Brotaþoli hafa staðfest við

sálfræðinginn að um nauðgun hafi verið að ræða og sálfræðingurinn sent tilkynningu vegna þessa til barnaverndar.

18. Hvað fyrri áföll brotaþola varðar er greint frá því að í apríl/maí 2021, þegar hún var 13 ára gömul og staðsett á H, hafi 17 ára vinur hennar brotið á henni. Hún hafi farið í könnunarviðtal í Barnahúsi og í meðferðarviðtöl eftir að hún var komin í fóstur. Móðir hafi einnig greint frá kynferðismisnotkun af hálfu jafnaldra brotaþola 2020. Samkvæmt nótu BUGL frá 2. nóvember 2021 hafi verið um að ræða stafrænt kynferðisbrot. Í bæði síðasttöldu skiptin hafi málin verið kærð en lokið með sýknu, annars vegar á grundvelli þess að gerandi hafi verið undir lögaldri og í hitt skiptið á grundvelli þess að gerandi hafi ekki vitað um aldur stúlkunnar. Enn fremur hefur sálfræðingurinn eftir brotaþola að hún hafi greint frá því að brotið hafi verið á henni kynferðislega af vinkonu/frænku þegar hún var 5–7 ára.
19. Í samskiptaseðlinum er gerð grein fyrir því að viðmiðum áfallastreituröskunar (PTSD) sé náð. Haft er eftir brotaþola að hún segi meðferð í Barnahúsi hafa hjálpað á sínum tíma en geri grein fyrir miklum einkennum áfallastreituröskunar vegna fyrri nauðgunarinnar. Sömuleiðis greini hún frá hamlandi einkennum vegna nauðgunar um síðastliðin áramót. Lýst er endurupplifunum, forðunareinkennum og einkennum ofurárvekni og greint milli þess hvort einkennin séu vegna fyrra atviksins, seinna atviksins eða beggja atvikanna. Einkenni sem lýst er vegna seinna atviksins, þ.e. þess sem hér er til umfjöllunar, eru slæmir draumar, hún eigi erfitt með að sýna öðrum eigin líðan, hún eigi erfitt með að sofna og sé á varðbergi. Nánar tiltekið kemur fram að hún sé stöðugt á varðbergi, einkum þegar hún sé á A því þar sé „33 ára gerandi „allsstaðar““. Einkenni sem lýst er að séu vegna beggja atvikanna eru ágengar óvelkomnar hugsanir, að finnast að það sama muni gerast aftur, að komast í uppnám ef eitthvað minnir á, líkamleg viðbrögð ef eitthvað minnir á, að reyna að forðast hugsanir um atburðina og aðstæður sem minna á þá, að hún missi stjórn á skapinu og eigi erfiðara en áður með einbeitingu.

Rannsókn á síma brotaþola og ákærða

20. Lögregla rannsakaði síma brotaþola í þeim tilgangi að skoða samskipti hennar og ákærða. Við rannsóknina kom í ljós að kl. 5:10 að morgni 1. janúar 2023 dró brotaþoli til baka skilaboð sem hún hafði sent ákærða í gegnum *Facebook Messenger*. Ekki reyndist unnt að sjá hver skilaboðin voru. Hinn 14. janúar 2023 kl. 03:25 brást ákærði við skilaboðum sem brotaþoli hafði dregið til baka, með orðunum „kannski tímapært [svo] að við tímum um það“. Síðan spurði hann brotaþola: „Hvernig ertu?“. Brotaþoli svaraði, „fin en þú“. Í

framhaldi af þessu spurði ákærði brotþola hvað hún væri að gera, hvort það væri „djamm“ uppi og hvort hún væri að „djamma.“ Brotþoli svaraði báðum spurningunum neitandi. Ákærði brást við með því að segjast „vera með eh“ ef hana langaði og að hann hafi haldið að eitthvað væri um að vera uppi og hann langað til að „joina“ Hann sagði brotþola síðan að koma niður en brotþoli svaraði að hún væri ekki heima. Brotþoli sendi ákærða síðan viðhengi en ekki reyndist unnt að sjá hvað það var. Samskiptunum lauk með því að ákærði skrifaði „skemmtu þér“.

21. Við rannsókn á síma ákærða fundust ekki samskipti við brotþola. Aftur á móti fundust samskipti móður brotþola við ákærða, þar sem hún bað ákærða um áfengi og einnig um tómar flöskur.

Teikningar ákærða og brotþola

22. Í tengslum við skýrslu ákærða hjá lögreglu var hann beðinn um að teikna yfirlitsmynd af íbúðinni þar sem hann bjó í umrætt sinn. Brotþoli var beðin um að teikna íbúð ákærða í tengslum við skýrslugjöf hennar í barnahúsi. Jafnframt teiknuðu þau upp afstöðumyndir af íbúðinni í skýrslum sínum fyrir dómnum við aðalmeðferð málsins.

Önnur gögn

23. Í gögnum frá lögreglu kemur fram að móðir brotþola hafi verið kærð í tengslum við rannsókn málsins fyrir brot á barnaverndarlögum, með því að leyfa 14 ára dóttur sinni að drekka áfengi í áramótapartíinu sem hún hafi haldið án eftirlits með þeim afleiðingum að barnið virðist hafa orðið mjög ölvað.

Skýrsla af brotþola í Barnahúsi

24. Hinn 1. desember 2023 var tekin skýrsla af brotþola fyrir dómi í Barnahúsi á Akureyri. Þar greindi brotþoli frá því að um áramótin hafi hún verið með móður sinni og nýjum kærasta hennar. Brotþoli telji sig hafa byrjað að drekka áfengi um matarleytið og hafi síðar um kvöldið verið orðin mjög full. Þau hafi búið í blokk og mamma hennar boðið ákærða upp „í svona hálfgerð parti“. Hún hafi aldrei talað við hann áður, „nema bara hitt hann úti í búð eða á göngunum eða eitthvað“. Hann hafi komið þangað um miðnætti með áfengi og hún fengið sér meira að drekka. Móðir hennar og kærasti hennar hafi síðar farið inn í baðherbergi en brotþoli og ákærði haldið áfram að spjalla. Hún kvaðst ekki muna hvernig það gerðist en að hana minnti að ákærði hefði kysst hana en hún þá sagt honum að hún væri að verða 15 ára en væri ekki á hans aldri.

25. Ákærði hafi síðan boðið brotþola niður í íbúð sína á neðri hæð hússins. Hún hafi bankað á baðherbergishurðina, þar sem móðir hennar og kærasti hennar voru, og sagt frá því að hún ætlaði niður með ákærða. Móðir hennar hafi sagt „bara ókei“ og leyft brotþola að fara. Brotþoli hafi þá verið orðin mjög full og varla getað staðið í fæturna. Hún kvaðst hafa spurt ákærða hvort hann væri fullur en hann sagst bara vera „tipsy“ eða búinn að fá sér „eitt glas eða eitthvað“. Brotþoli hafi sagt „ókei“ og haldið að þau væru að fara niður til að tala saman um eitthvað. Ákærði hafi farið með brotþola inn í herbergi og klætt hana þar úr fötunum. Brotþoli hafi sagt að hún vildi þetta ekki en ákærði samt haldið áfram, eins og brotþoli „hafi ekki sagt bara hreint út nei“. Brotþoli hafi sagst vera „of full í þetta“. Ákærði hafi farið ofan á brotþola og brotþoli sagst „bara stopp“. Ákærði hafi þá sagt á ensku „ókei, þannig að þú getur ekki höndlað þetta“. Brotþoli hafi sagt „nei, ég vil fara“. Ákærði hafi haldið áfram eftir að hann sagði brotþola ekki geta höndlað þetta. Brotþoli hafi þá frosið, orðið mjög óglatt og verið „bara frosin“ og ekki vitað hvað hún átti að gera, því ákærði hafi verið miklu stærri en hún og hún „bara skíthrædd“. Nánar aðspurð um þetta kvað brotþoli getnaðarlim ákærða hafa verið inni í leggöngum hennar í umrætt sinn. Brotþoli greindi frá því að hún hefði síðan ýtt ákærða af sér, staðið upp og farið upp í sína íbúð en ælt „bara eiginlega alla leiðina heim“. Ákærði hafi verið ofan á henni allan tímann, þar til hún ýtti honum af sér. Nánar aðspurð kvaðst brotþoli hafa kastað upp inni á salerni ákærða. Þegar upp í hennar íbúð var komið hafi hún verið ennþá „ælandi og hágrenjandi“ en enginn hafi verið að „pæla í hvað gerðist“.

26. Brotþoli greindi frá því að móðir hennar og kærasti hennar hefðu séð hana kasta upp og gráta þegar hún kom upp en þau hafi sagt henni að fara bara að leggja sig. Aðspurð um hvort þau hafi vitað hvers vegna hún var grátandi kvað hún sig minna að hún hafi ekki talað um það fyrr en daginn eftir. Þá hafi brotþoli sagt móður sinni frá því sem gerðist en hún ekki verið „mikið að pæla í því“, hafi sagt að þetta gerðist þegar maður væri fullur. Brotþola hafi liðið illa yfir þessum viðbrögðum móður sinnar og upplifað það eins og henni væri ekki trúað. Eftir að þetta gerðist hafi brotþola alltaf langað að segja einhverjum en ekki þorað því af því hún hafi haldið að þetta væri sér að kenna því hún hafi verið ölvuð. Síðar, þ.e. mörgum mánuðum síðar, hafi brotþoli sagt frænku sinni frá þessu og hún hjálpað henni með þetta.

27. Nokkru síðar hafi ákærði sent brotþola skilaboð á Facebook og spurt hvort það væri partí uppi. Brotþoli hafi svarað því mjög þurrlega að svo væri ekki, þar sem hana hafi ekkert langað að tala við ákærða.
28. Aðspurð um líðan sína eftir umrædd atvik greindi brotþoli frá því að þegar hún færi á A væri hún alltaf hrædd um að hitta ákærða. Þá fái hún martraðir um þetta og líði eins og hún sé ekki örugg. Þá veki það upp neikvæðar hugsanir um vanlíðan ef eitthvað minni hana á atvikið, svo sem að heyra orðið „áramót“.

Skýrslur hjá lögreglu á rannsóknarstigi málsins

29. Við rannsókn málsins hjá lögreglu voru teknar skýrslur af móður brotþola í lok september 2023 og af D og E 10. janúar 2024. Þá voru teknar tvær skýrslur af ákærða, hin fyrri 8. október 2023 og hin síðari 11. janúar 2024. Efni þeirra verður rakið hér að því marki sem tilefni þykir til.

Skýrsla móður brotþola

30. Í skýrslu hjá lögreglu 28. september 2023 greindi móðir brotþola frá því að umrætt kvöld hefðu þau verið fjögur heima, þ.e. hún, kærasti hennar, brotþoli og bróðir brotþola. Hún hafi verið að skilja við fyrrum maka sinn og hafi verið virkur alkóhólisti á þessum tíma. Brotþoli hafi líka verið að drekka þetta kvöld. Eftir að þau hafi borðað saman og sprengt flugelda hafi ákærði komið upp í íbúð þeirra með áfengi. Þau hafi síðan öll setið saman, spjallað og hlustað á tónlist. Brotþoli hafi orðið mjög ölvuð.
31. Hún og kærasti hennar hafi farið saman inn í herbergi og brotþoli verið ein eftir frammi með ákærða. Um klukkan tvö hafi brotþoli bankað á herbergisdýrnar hjá henni og kærasta hennar og sagt að hún ætlaði niður með ákærða. Hún hafi síðan heyrt á eftir þeim fara út úr íbúðinni. Um 30–40 mínútum seinna hafi brotþoli komið upp aftur og þá verið mjög drukkin og ringluð. Brotþoli hafi þá sagt henni að hún hafi ælt út um allt heima hjá ákærða og að hann hafi brotið á henni kynferðislega. Brotþoli hafi sagst hafa sagt við ákærða að hún vildi þetta ekki og að hún hafi mótmælt.
32. Þær mæðgur hafi ekki rætt meira um atvikið þetta kvöld og í raun ekki fyrr en þær fluttu til H þremur mánuðum seinna. Brotþoli hafi þá viljað stíga fram með málið. Brotþoli hafi þó enn ekki opnað sig við hana um hvað raunverulega hafi gerst í íbúð ákærða.

Skýrsla fósturmóður og frænku brotþola

33. Í skýrslu móðursystur brotþola, sem jafnframt er fósturmóðir hennar, 10. janúar 2024, kom fram að brotþoli hefði sagt henni frá atvikinu einhvern tímann um sumarið en hún

myndi ekki nákvæmlega hvenær. Vitnið greindi frá því að brotapolí hefði greint þannig frá atvikum að í umræddu samkvæmi hafi hún, móðir hennar og kærasti móður hennar verið að drekka. Brotapolí hafi sagt að áfengið hafi verið búið eftir miðnætti og móðir brotapóla haft samband við ákærða og beðið hann um að koma með meira áfengi, sem hann hafi gert. Brotapolí hafi sagt að þær mæðgur þekktu ákærða ekki neitt. Hún hafi sagst ekkert hafa talað við hann í fyrstu en að þau hafi síðan farið að ræða saman um tónlist.

34. Brotapolí hafi sagt frá því að móðir hennar og kærasti móður hennar hefðu farið inn á baðherbergi. Eftir það hafi ákærði kysst brotapóla en brotapolí ekki kysst hann á móti. Í kjölfar þess hafi brotapolí sagt ákærða að hún væri 14 ára og hann þá spurt hvort það þýddi að hann mætti ekki sofa hjá henni. Brotapolí hafi sagst hafa sagt að hún væri allt of full og lýst því að henni hafi þarna verið byrjað að vera óglatt.

35. Brotapolí hafi sagt frá því að ákærði hafi boðið henni niður í íbúðina hans og hún hafi látið móður sína, sem var enn inni á baðherberginu, vita. Brotapolí hafi sagt frá því að allt hafi verið slökkt niðri í íbúð ákærða og að hann hafi haldið í axlirnar á henni og leitt hana inn í herbergi, ýtt henni á rúmið og byrjað að kyssa hana. Brotapolí hafi sagt að sér hafi liðið illa og að hún hafi sagt ákærða það.

36. Brotapolí hafi sagt frá því að hún og ákærði hefðu byrjað að stunda kynlíf. Brotapolí hafi sagt að hún myndi til og ákærði, sem fram að þessu hafi talað við hana á íslensku, hafi sagt „so you can't take this dick“. Vitnið sagði þessi ummæli hafa setið í brotapóla. Brotapolí hafi sagt að ákærði hefði haldið áfram í um 40 mínútur. Brotapolí hafi sagt frá því að hún hafi einhvern veginn verið komin ofan á ákærða og þá hafi hún farið af honum vegna þess að hún meiddi sig svo mikið. Hún hafi tekið fötin sín og farið inn á bað, þar sem hún hafi ælt yfir allt.

37. Brotapolí hafi sagt vitninu að hún hafi síðan farið upp í íbúð þar sem hún hafi verið ælandi og grátandi alla nóttina. Brotapolí hafi sagt að henni hafi verið sagt að leggja sig og gleyma þessu.

38. Vitnið sagði að hún og brotapolí hefðu rætt þetta atvik af og til síðan og að það sæti í brotapóla.

Skýrsla kærasta móður brotapóla

39. Í skýrslu kærasta móður brotapóla, 12. janúar 2024, kom fram að hann hefði kynnst móður brotapóla um mánuði fyrir atvikið. Móðir brotapóla hafi haft samband við ákærða

rétt eftir miðnætti og ákærði síðan komið upp með áfengi. Þau hafi öll spjallað saman frammi áður en hann og móðir brotþola fóru inn í herbergi en brotþoli orðið eftir frammi. Brotþoli hafi síðan komið inn í herbergi til þeirra og þá verið mjög full. Hún hafi farið með ákærða og sagt að eitthvað hefði gerst. Hann hafi ekki vitað hvað gerðist vegna þess að brotþoli hafi talað við móður sína en ekki hann. Með tímanum væri hann búinn að átta sig á að brotþola liði illa vegna þess sem gerðist.

Skýrslur ákærða

40. Ákærði gaf tvær skýrslur fyrir lögreglu, 8. október 2023 og 11. janúar 2024.
41. Í skýrslu sinni 8. október 2023 bar ákærði um að hann hafi verið einn heima um umrædd áramót og orðið þess var að það var partí á hæðinni fyrir ofan hann í húsinu. Konan sem þar bjó hafi haft samband við hann og spurt hann hvort hann ætti áfengi. Hann hafi í framhaldinu farið þangað upp og tekið með sér áfengi. Þar hafi þau verið fjögur í samkvæminu, þ.e. ásamt honum umrædd kona, að hann taldi kærasti hennar og stúlka sem hann vissi þá ekki hver var. Þau hafi talað saman í sófanum og drukkið og síðan dansað. Seinna um kvöldið hafi hann verið mjög drukkinn en hafi þó ekki talið sig vera búinn að drekka mikið. Hann og „þessi stúlka“ hafi talað mikið saman og dansað og enn fremur kysst í sófanum. Hann hafi talið hana vera á aldrinum 18–20 ára. Þau hafi rætt eitthvað um það en hann muni „voðalega lítið eftir þessu“. Hann muni þó að hann hafi verið orðinn mjög þreyttur. Þau hafi talað eitthvað um það og hann bara farið heim og farið þangað einn.
42. Ákærði kvaðst hafa verið „alveg ónýtur næstu daga“. Hann muni eiginlega bara eftir byrjuninni á kvöldinu en seinni hluti þess sé „voðalega blörrí“, fyrir utan að hann muni að hann hafi verið orðinn „alveg óendanlega þreyttur“, þannig að hann hafi farið heim.
43. Aðspurður um „konuna og stelpuna“ mundi hann ekki nafn konunnar, fyrir utan upphafsstaf þess, en gat nefnt brotþola spurður um „stelpuna“.
44. Aðspurður um kossinn í sófanum kvaðst ákærði lítið muna eftir honum, þar á meðal ekki hvort þetta hefðu verið einn eða fleiri kossar. Aðspurður um óviðeigandi tal við brotþola sagði hann að þau hefðu setið mjög lengi í sófanum og talað mjög mikið saman en hann kvaðst ekki muna um hvað eða hversu lengi. Hann kvað þó brotþola hafa verið mjög opna fyrir kossinum. Aðspurður um hvort brotþoli hefði gefið eitthvað í skyn að hún vildi ekki kyssast kvað ákærði sig meira að segja minna að hún hafi byrjað en að hann gæti þó ekki staðfest það, þar sem hann myndi það ekki.

45. Ákærði kvaðst ekki muna eftir því að brotaþoli hafi komið í íbúð hans umrædda nótt eða að þau hafi farið saman þangað niður.
46. Aðspurður um rafræn samskipti við brotaþola sagði ákærði þau engin hafa verið fyrir umrætt kvöld. Hún hafi aftur á móti sent honum eitthvað umrætt kvöld en hann viti ekki hvað það var, þar sem hún hafi verið búin að eyða því aftur þegar hann vaknaði um morguninn. Hann kvaðst síðan hafa haft samband við hana nokkru síðar þegar hann varð þess var að það var partí í íbúðinni þar sem hún bjó. Hann kvaðst þá líka hafa viljað ræða um það sem gerðist um áramótin en ekki hafa haft hugmynd um að hún væri svona ung. Hann kvaðst ekki hafa komist að því fyrr en líklega um vorið þegar hann sá fæðingarár hennar á *Facebook*.
47. Við skýrslutöku hjá lögreglu 11. janúar 2024 var hann m.a. spurður um atriði sem áður höfðu komið fram í skýrslu brotaþola. Ákærði bar um að hann hafi verið mjög ölvaður umrætt kvöld. Aðspurður kvaðst hann ekki muna eftir því að brotaþoli hefði sagt honum umrætt kvöld að hún væri að verða 15 ára og að hún væri mjög full eða að hún hefði nánast sagt nei við þessum kossi. Hann kvaðst heldur ekki muna til þess að hafa spurt hana við þetta tilefni hvort þetta þýddi að hann mætti ekki sofa hjá henni.
48. Aðspurður kvaðst ákærði ekki muna eftir því að fara niður úr íbúð brotaþola niður í sína en þó muna að hafa verið mjög þreyttur þetta kvöld. Hann kvað það ekki rétt að hann hafi boðið brotaþola niður í íbúð sína og þau farið þangað saman eða að þau hafi átt þar kynferðislegt samneyti. Þá vildi hann ekki tjá sig um einstök atriði sem höfð voru eftir brotaþola þar að lútandi. Enn fremur neitaði hann því að hann hefði þrifið upp ælu í íbúð sinni daginn eftir.
49. Jafnframt hafnaði ákærði því aðspurður að brotaþoli hefði nokkru sinni komið í íbúð hans. Aðspurður um að hún hefði með teikningu við skýrslutöku lýst barnaherbergi og svefnherbergi á nákvæmlega sama stað og ákærði kvaðst ákærði enga skýringu hafa á því.

Framburðir fyrir dómi

50. Hér á eftir verða raktir framburðir ákærða, brotaþola og vitna fyrir dómum, að því leyti sem ástæða þykir til vegna úrlausnar málsins.

Framburður ákærða

51. Í framburði sínum fyrir dómnum kvaðst ákærði hafa verið heima hjá sér umrætt kvöld og hafa verið byrjaður að drekka. Hann hafi þá fengið skilaboð frá móður brotaþola um

hvort hann ætti áfengi. Hann hafi svarað því að svo væri og hún boðið honum í partí, sem hann hafi þegið og í framhaldinu farið til hennar í íbúðina þar sem hún bjó, á efri hæð sama húss og ákærði bjó í. Hann hafi þar fært móður brotþola allt áfengi sem hann átti. Í íbúðinni hafi þrjár einstaklingar verið fyrir, þ.e. móðir brotþola, unnusti hennar og brotþoli. Þau hafi síðan farið að drekka og „djamma“ í íbúðinni.

52. Ákærði kvaðst hafa hitt brotþola í fyrsta sinn í umrætt sinn en ekki vitað hver hún var fyrir þann tíma, en hann hafi þá verið nýfluttur í blokkina. Hann og brotþoli hafi setið saman í sófa og spjallað saman. Þar hafi þau einnig kysst. Kossinn hafi verið gagnkvæmur og brotþoli virst „mjög opin fyrir því“. Síðar um kvöldið hafi hann verið orðinn þreyttur og drukkinn og farið einn heim að sofa, í íbúð sína á neðri hæð hússins. Hann kvaðst næstum hafa ælt í stigann á leiðinni niður. Þá kvaðst hann hafa farið beint inn í herbergi sitt þegar hann kom í íbúð sína. Aðspurður kvaðst hann þess fullviss að hann hafi farið einn í íbúð sína í umrætt sinn. Þá kvað hann það vera „algjört rugl“ og „haugalygi“ að hann hafi haft samfarir við brotþola umrætt kvöld.
53. Hann kvaðst ekki geta sagt til um hve langur tími hafi liðið frá því hann og brotþoli kysstust í sófanum og þar til hann fór heim en giskaði á að það hefðu verið tveir klukkutímar.
54. Ákærði neitaði því að aldur brotþola hefði borist í tal í samtali þeirra. Aðspurður um hvort hann hafi upplifað þetta sem svo að þarna væri „fullorðið fólk að djamma saman“ kvað hann svo vera og ekki hafa haft ástæðu til að telja annað. Þá kvaðst hann ekki hafa vitað að brotþoli og móðir hennar væru mæðgur. Aðspurður um orð sín í skýrslutöku fyrir lögreglu, þar sem hann talaði um *konuna, manninn og stúlkuna*, kvaðst hann hafa talið að brotþoli væri á bilinu 18–20 ára.
55. Aðspurður um hvort hann myndi vel eftir atvikum frá öllu kvöldinu kvað ákærði svo ekki vera. Sökum ölvunar myndi hann verr eftir síðari hluta kvöldsins en fyrri hluta þess.
56. Þegar ákærði gaf skýrslu sína fyrir dómnum teiknaði hann herbergjaskipan íbúðarinnar sem hann bjó í þegar atvik málsins áttu sér stað. Það hafði hann einnig gert áður við skýrslutöku hjá lögreglu og brotþoli einnig. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa skýringar á því hvers vegna brotþoli vissi hvernig íbúðin leit út en kvaðst í því sambandi telja líklegast að hún hefði komið í íbúðina áður en hann flutti í hana.

Framburður brotþola

57. Brotapoli greindi frá því í framburði sínum fyrir dómnum að umrætt kvöld hafi hún, mamma hennar, kærasti mömmu hennar og bróðir brotápola verið saman að elda, slaka á og hlusta á tónlist. Brotapoli hafi verið að drekka ásamt mömmu hennar og kærasta mömmu hennar. Áfengið hafi verið að verða búið og móðir brotápola þá stungið upp á því að bjóða ákærða upp. Brotapoli kvaðst hafa verið orðin mjög drukkin. Eftir að ákærði kom til þeirra hafi þau öll verið að spjalla saman en síðar hafi mamma hennar og kærasti hennar farið saman inn á baðherbergi en brotapoli og ákærði verið eftir í sófanum og spjallað.
58. Brotapoli greindi frá því að þegar þau hafi setið í sófanum hafi hún spurt ákærða hvort hún ætti að segja honum leyndarmál. Í framhaldinu hafi hún sagt honum frá því að hún væri bara 14 ára en ekki 17 ára eins og mamma hennar hafi sagt henni að segja. Mamma hennar hafi verið búin að segja henni að ef einhver spyrði skyldi hún segjast vera 17 ára. Ákærði hafi þá spurt hvort það þýddi að hann mætti ekki kyssa hana. Brotapoli kvaðst minna að hann hafi í framhaldinu kysst hana. Aðspurð um hvers vegna hún hafi tjáð ákærða aldur sinn kvað hún það hafa verið vegna þess að hún hafi verið hrædd og hafi talið það vera til þess fallið að verja hana að segja honum aldur sinn. Þá kvaðst hún muna þetta þannig að þau hafi fyrst talað um aldur hennar og svo farið að kyssast.
59. Það næsta sem brotapoli muni sé að hún hafi farið upp að baðherbergishurðinni og reynt að segja við mömmu sína að hún væri að fara niður í íbúð ákærða því ákærði hafi boðið henni þangað. Hún kvaðst telja að mamma hennar hafi fyrst ekki heyrt í henni en hún hafi verið að vonast til að hún heyrði í henni og bannaði henni að fara niður. Hún hafi vonast til að einhver annars segði nei fyrir hana. Brotapoli kvaðst ekki muna hvað mamma hennar hafi sagt við þessu og kvaðst heldur ekki vera viss um hvort hún hafi heyrt í henni. Því næst hafi brotapoli farið út um dyrnar heima og niður í íbúð ákærða. Aðspurð um tímasetningu þess þegar hún fór niður sagði hún að hana minnti að það hafi verið um tvö- eða þrjú-leytið. Það næsta sem hún muni sé að hún hafi verið komin inn í herbergi hans og hann verið að klæða hana úr fötunum. Allt í einu hafi hann verið komin ofan á hana en hún sagt að sér fyndist þetta vont. Þá hafi ákærði sagt: „So you can't handle it, you slut.“ Aðspurð um þetta orðalag, sem ber ekki að fullu saman við lögregluskýrslu, sagði brotapoli að hún myndi ekki nákvæmt orðalag en a.m.k. hafi setningin verið á ensku og á þann veg að hún höndlaði þetta ekki. Svo hafi hann haldið áfram í „smá tíma“ en hún haldið áfram að segja að sér fyndist þetta vont. Eftir „smá tíma“ í viðbót hafi hann beðið hana um að koma ofan á sig. Hún hafi þegar þarna var

komið sögu verið að „detta inn og út úr áfengisdauða“. Hún hafi þá ákveðið að fara fram og finna baðherbergið og byrjað að æla. Aðspurð sagði hún að hana minnti að hún hafi ælt í klósettið en ekki í íbúðina eða stigaganginn. Síðan hafi hún farið aftur upp og mamma hennar og kærasti hennar hafi tekið þar á móti henni. Þar hafi hún farið inn á baðherbergi og ælt meira og kærasti mömmu hennar hafi verið að hjálpa henni.

60. Brotapoli kvaðst hafa sagt móður sinni frá þessu daginn eftir. Viðbrögð móður hennar hafi verið eins og hún vildi ekki tala um þetta en hún hafi sagt eitthvað á þann veg að þetta væru mistök sem maður gerði þegar maður væri fullur.
61. Í tengslum við lýsingar brotþola á aðstæðum í íbúð ákærða var brotþoli spurð hvað hefði gefið til kynna að hún og ákærði hafi labbað framhjá barnaherbergi. Hún kvaðst telja sig hafa séð barnadót þar.
62. Aðspurð um hvenær og af hverju hún hafi sagt öðrum frá þessu kvað hún það hafa verið einhvern tímann seinna en að hún myndi ekki hvers vegna. Þetta hafi legið þungt á henni og verið erfitt „að díla við þetta sjálf“. Hún hafi sagt frænku sinni frá þessu og telji að hún hafi í framhaldinu tilkynnt um þetta til barnaverndar.
63. Aðspurð um hvort hún hafi átt samskipti við ákærða eftir þetta sagði hún að hann hafi sent sér skilaboð síðar og spurt hvort það væri partí uppi og hann hafi síðan boðið henni aftur niður, sem hún hafi ekki þegið.
64. Um líðan sína eftir atvikið sagði brotþoli að henni hefði liðið illa, hún hafi verið kvíðin og hrædd við að mæta ákærða. Það hafi verið óþægilegt á hverjum degi að búa í sama húsi og ákærði og það hafi minnt hana á tímann þegar þetta gerðist. Hún hafi fengið martraðir og glímt við „paranoju“. Hún hafi kviðið því að fara út úr húsi og út í búð, enda samfélagið lítið. Það hafi verið henni sérstaklega erfitt að mæta [...] eftir þetta, en ákærði mun hafa unnið hjá [...]. Brotþoli kvað þetta ekki trufla hana í vinnu og skóla í dag en að þetta hafi gert það þegar hún vann í búðinni á A.

Framburður fósturmóður og frænku brotþola

65. Fósturmóðir brotþola, sem jafnframt er móðursystir hennar, greindi frá því að brotþoli hefði sagt henni frá því að ákærði hafi brotið á henni. Ekki hafi verið farið út í smáatriði í því samtali en þó nægilega mikið til að hún hafi gert sér grein fyrir að brotið hafi verið á brotþola. Brotþoli hafi greint henni frá því að móðir brotþola og kærasti hennar hafi verið inni á baðherberginu en brotþoli og ákærði eftir í sófanum að tala saman. Brotþoli

hafi sagt ákærða að hún væri 14 ára og hann þá spurt hvort það þýddi að hann mætti ekki kyssa hana.

66. Fósturmóðirin kvað ástand brotþola hafa verið mjög slæmt þegar hún sagði henni þetta. Henni hafi liðið ömurlega. Þetta hafi ekki verið fyrsta áfall brotþola, sem hafi komið þangað í fóstur eftir að vera tekin af heimili móður. Fósturmóðirin kvaðst merkja greinilegar breytingar á brotþola eftir atvikið, þar sem brotþoli sé kvíðin, líði illa og fái martraðir. Vanlíðan hennar tengist því m.a. að mæta pósthólum, en ákærði vinni hjá Póstinum. Þá kvað fósturmóðirin brotþola hafa verið kvíðna og stressaða í margar vikur yfir því að vera að fara að sitja fyrir framan ákærða við aðalmeðferð málsins.
67. Fósturmóðirin kvað brotþola hafa sagt sér að hún hefði einnig greint móður sinni frá atvikinu. Móðir brotþola hafi ekki brugðist rétt við, þar sem hún hafi verið hrædd um sjálfa sig vegna þess að hún hafi verið að gefa barni sínu áfengi. Þá hafi brotþoli verið stressuð yfir því hvaða afleiðingar þetta hefði fyrir mömmu hennar.

Framburður móður brotþola

68. Móðir brotþola kvað þær mæðgur hafa verið heima hjá sér umrætt kvöld. Hún kvað sig minna að hún hafi sent ákærða skilaboð til að spyrja hann hvort hann ætti áfengi. Þau hafi síðan verið saman í sófanum að drekka og hlusta á tónlist. Hún hafi síðan verið með kærasta sínum inni á baðherbergi þegar brotþoli hafi bankað þar og sagst ætla niður til ákærða. Hún hafi ekki virst vera mjög drukkin þá. Stuttu síðar hafi hún komið upp aftur og sagt frá því hvað hafi komið fyrir. Hún hafi nánar tiltekið greint frá kynferðislegu atviki þar sem hún „hafi ælt og verið að segja bara nei“, sem ekki hafi verið virt.
69. Móðirin kvaðst ekki hafa séð brotþola fara niður og ekki heldur séð ákærða og brotþola kyssast. Aðspurð um hvað hún hafi talið að ákærði og brotþoli væru að fara að gera niðri kvaðst hún ekki geta sagt til um það. Sennilega hafi hún þó vitað hvað var að fara að gerast en hún hafi ekki vitað fyrr en eftir á hvað ákærði var gamall. Hún hafi helst haldið að brotþoli og ákærði myndu drekka saman í heimsókninni en hún hafi ekki búist við því að þetta myndi gerast.
70. Aðspurð kvaðst hún telja að 30–40 mínútur hafi liðið þar til brotþoli kom upp aftur. Brotþoli hafi bankað hjá henni dauðadrukkin og búin að æla og hafi sagt henni frá því sem gerðist. Nánar tiltekið hafi brotþoli sagt henni að eitthvað kynferðislegt hefði átt sér stað. Hún hafi sagst hafa farið með ákærða inn í herbergi hans, margoft reynt að segja nei en hún hafi svo ælt yfir allt herbergið.

71. Móðirin kvaðst ekki muna hver viðbrögð hennar við þessari frásögn hafi verið en halda að hún hafi ekkert gert við þessar upplýsingar fyrr en löngu seinna.
72. Móðirin kvað þær mæðgur hafa eftir þetta flutt úr umræddri blokk og frá A. Atvikið hafi nú setið í brotapolu í bráðum þrjú ár og hún lent í alls konar áföllum út af þessu máli. Hún sé „triggeruð“ út af því og hafi ekki getað búið lengur á A. Þá hafi brotapolu verið í þeirri aðstöðu að sjá ákærða „út um allt“, svo sem í búðinni, eða sjá póstbílinn, og hún hafi þá orðið stjórf. Brotapolu hafi eftir þetta byrjað að nota önnur vímuefni en áfengi og sýnt af sér sjálfsskaðandi hegðun.
73. Móðirin kvað ákærða hafa vitað fyrir þetta atvik hve gömul brotapolu væri og jafnframt vitað að hún og brotapolu væru mæðgur, en fjölskyldurnar væru tengdar á annan hátt.
74. Aðspurð um þau orð brotapolu að hún hafi sagt að svona gerðist þegar maður væri fullur sagði móðirin það vel geta verið að hún hafi sagt „svoleiðis bull“.

Framburður kærasta móður brotapolu

75. Þáverandi kærasti móður brotapolu kvað þau hafa verið búin að vera saman í um einn mánuð þegar umrædd atvik gerðust. Haft hafi verið samband við ákærða í umrætt sinn vegna þess að áfengið var búið. Hann og móðir brotapolu hafi farið saman inn á baðherbergið en ákærði og brotapolu orðið eftir í sófanum. Þegar þau hafi verið búin að vera inni í baðherberginu í 10–15 mínútur hafi brotapolu bankað þar og sagst vera að fara niður. Hann og móðir brotapolu hafi í framhaldinu vitað að brotapolu væri niðri með ákærða en ekki vitað hvað „var í gangi“ þar. Þegar brotapolu hafi komið upp aftur hafi hún virst mjög skelkuð. Hann hafi ekki viljað spyrja hvað var að gerast því hann hafi bara verið búinn að vera í einn mánuð með móður brotapolu. Vitnið bar um að þegar þau komu aftur út úr baðherberginu hafi allt áfengið verið farið og ákærði hljóti að hafa tekið það með sér niður.
76. Eftir atvikið hafi líklega liðið 2–4 dagar þar til hann sá brotapolu næst. Þá hafi hann tekið eftir því að brotapolu var ekki söm og áður. Ljóst hafi verið að eitthvað hafi verið búið að koma fyrir hana og að henni liði illa. Eftir atvikið hafi hún farið að halda sig miklu meira inni í herbergi sínu en áður. Áður hafi hún verið vön að eyða meiri tíma með vinkonum sínum.
77. Aðspurður um hve langur tími hafi liðið frá því brotapolu fór niður og þar til hún kom aftur upp kvaðst hann ekki geta sagt nákvæmlega til um það, enda meira en tvö ár liðin frá atvikinu, en kvaðst giska á að það hefði verið um klukkutími.

Framburður félagsráðgjafa hjá barnavernd

78. Í framburði félagsráðgjafa hjá Barnavernd Eyjafjarðar kom fram að hún hefði hitt brotþola í eitt skipti í júní 2023 í kjölfar tilkynningar. Þá staðfesti hún fyrrgreinda skýrslu, dags. 9. júní 2023, um viðtalið. Í framburðinum kom fram að í umrætt sinn hefði brotþoli lýst atvikinu að því marki sem hún treysti sér til. Hún hafi lýst því að hún hafi verið í samkvæmi og meintur gerandi líka. Þau hafi spjallað og hún svo farið niður í íbúð hans. Hún hafi ekki treyst sér til að útskýra nánar hvað hafi gerst en hafi sagt frá því að hafa grátið, ælt og beðið hann um að hætta, sem hann hafi ekki gert. Aðspurð um líðan brotþola í þessu viðtali kvað hún brotþola „í minningunni“ hafa verið frekar dapra og flata en hún hafi virkað trúverðug. Þá kvaðst hún telja að það hafi verið vegna vanlíðanar sem brotþoli hafi ekki getað farið út í smáatriði í samtalinu.

79. Félagráðgjafinn kvaðst hafa unnið áfram með brotþola eftir þetta og orðið vör við afleiðingar sem m.a. megi tengja við umrætt brot, svo sem erfiðleika með svefn, kvíða og áhyggjur.

Framburður sálfræðings á heilsugæslu

80. Í framburði sálfræðings á Heilsugæslu Akureyrar staðfesti hún upplýsingar sem fram koma á samskiptaseðli, dags. 27. apríl 2023. Sálfræðingurinn kvað vera unnt að segja til um það með vissu að áfallastreitueinkenni brotþola séu vegna þess meinta brots sem er til umfjöllunar í málinu. Kvaðst hún byggja það á ítarlegu greiningarviðtali og mismunargreiningu, þar sem greind séu áhrif ýmissa áfalla. Hún kvaðst hafa lagt fyrir brotþola matslista til að meta áfallastreituröskun. Brotþoli hafi fyllt það út í tvígang, annars vegar út frá fyrra atviki og hins vegar því atviki sem til umfjöllunar er í málinu. Það sé alveg ljóst að hún hafi uppfyllt skilyrði áfallastreituröskunar eftir seinni atburðinn en hann hafi líka ýft upp einkenni vegna fyrra atviks. Brotþoli hafi sýnt öll einkenni áfallastreitu. Hún forðist aðstæður sem tengist eða minni á atburðinn og það hamli henni á ýmsum sviðum.

81. Aðspurð um hvað brotþoli hefði sagt henni um umrætt atvik vísaði hún í fyrrgreindan samskiptaseðil og kvað brotþola og móður hennar hafa verið samhljóða um lýsingar á atvikum. Brotþoli hafi komist í áfengi hjá nágranna, hann hafi nauðgað henni og hún ælt út um allt hjá honum. Aðspurð um hvort hún hafi upplifað að brotþoli væri að ýkja eða búa til lýsingar á atvikum kvað sálfræðingurinn svo alls ekki vera heldur hafi brotþoli fremur verið að draga úr.

82. Aðspurð um hvernig aðstæður minni brotþola á atburðinn og veki upp einkenni áfallastreitu nefndi hún sem dæmi það að fara á A.

Helstu röksemdir ákærvalds

83. Af hálfu ákærvaldsins er byggt á því að með því að kyssa brotþola á munninn hafi ákærði gerst sekur um kynferðislega áreitni gegn barni yngra en 15 ára í skilningi 2. mgr., sbr. 1. mgr., 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði hafi viðurkennt að kossinn hafi átt sér stað, þótt hann segist ekki hafa vitað um aldur brotþola. Þá hafi hann með því að eiga við hana samræði brotið gegn 1. mgr. sömu lagagreinir og 1. mgr. 194. gr. sömu laga, enda hafi samræðið verið án hennar samþykkis, sbr. nánari lýsingu í ákæru sem rakin er í efnisgrein nr. 3 hér að framan.

84. Byggt er á því að framburður brotþola sé skýr og trúverðugur og studdur gögnum og framburðum annarra. Framburður hennar hafi verið stöðugur og án mótsagna. Framburður ákærða hafi aftur á móti verið óstöðugur, svo sem varðandi það hvort hann kannaðist við að rætt hafi verið um aldur brotþola í samtali þeirra umrætt kvöld.

85. Vísað er til þess að brotþoli hafi strax sagt móður sinni frá atvikinu en móðirin ekki brugðist við á viðeigandi hátt. Þá hafi brotþoli getað lýst aðstæðum á heimili ákærða, sem hún hefði ekki getað ef hún hefði aldrei komið þangað.

86. Hvað varðar ætlaða vitneskju ákærða um aldur brotþola hefur ákærvaldið einkum vísað til framburðar brotþola um samtal hennar og ákærða þar að lútandi.

Helstu röksemdir ákærða

87. Við munnlegan málflutning var byggt á því af hálfu ákærða að hann hefði staðfastlega neitað sök og að ekki liggi fyrir nein hlutræn sönnunargögn sem styðji það að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök. Því sé uppi verulegur og skynsamlegur vafi um sekt ákærða, sem skýra verði honum í hag og sýkna hann. Hvað það varðar að brotþoli hafi getað lýst herbergjaskipan í íbúð ákærða með teikningu var á því byggt að ekki væri hægt að útiloka aðrar skýringar en þá að brotþoli hafi komið í íbúð ákærða, svo sem þá að aðrar íbúðir í húsinu hafi verið sambærilegar.

Forsendur og niðurstöður

Um sönnun og sönnunarbyrði

88. Samkvæmt 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, skal hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið

sönnuð. Þá gildir samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, hvílir á ákæruvaldinu. Samkvæmt 109. gr. sömu laga metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi, sem og skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Í þessu felst að telji dómari skynsamlegan vafa leika á um að ákærði hafi framið þann verknað sem honum er gefinn að sök í máli, þá leiðir það til sýknu ákærða. Þannig nægir ekki að sterkar líkur bendi til sektar ákærða, ef slíkur vafi er engu að síður fyrir hendi.

Sakarefni málsins

89. Ákærða er gefin að sök nauðgun og kynferðisbrot gegn barni með því að hafa fyrst kysst brotþola á munninn og í framhaldi af því haft við hana samræði án hennar samþykkis í íbúð ákærða. Ákæruvaldið byggir á því að ákærði hafi nýtt sér yfirburðastöðu sína vegna aldurs- og þroskamunar og þannig beitt brotþola ólögumætri nauðung, en brotþoli hafi ítrekað reynt að fá ákærða til að láta af háttseminni. Ákærði neitar sök.

Um saknæmisskilyrði og heimfærslu til refsíákvæða

90. Ákæruvaldið byggir á því að sú háttsemi ákærða að kyssa brotþola á munninn í umrætt sinn hafi falið í sér kynferðislega áreitni í skilningi 2. mgr., sbr. 1. mgr., 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og að ætlað samræði ákærða við brotþola hafi falið í sér brot gegn 1. mgr. lagagreinarinnar. Samkvæmt 1. mgr. er lögð refsing við samræði eða öðrum kynferðismökum við barn yngra en 15 ára og 2. mgr. leggur refsingu við annarri kynferðislegri áreitni en í 1. mgr. greinir.
91. Samkvæmt 18. gr. sömu laga er verknaður sem refsing er lögð við í lögunum ekki saknæmur nema hann sé unninn af ásetningi eða gáleysi en fyrir gáleysisbrot skal því aðeins refsa að sérstök heimild sé til þess í lögunum. Samkvæmt 204. gr. gildir að hafi brot samkvæmt 201. eða 202. gr. verið framið af gáleysi um aldur þess er fyrir broti varð skal beita vægari refsingu að tiltölu sem þó má ekki fara niður fyrir lágmark fangelsis. Ætluð brot á borð við þau sem hér um ræðir varða því refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi, sbr. 202. gr. laganna, eða gáleysi, sbr. 204. gr.
92. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal í ákæru greina svo glögggt sem verða má hver sú háttsemi er sem ákært er út af, hvar og hvenær

brotið er talið framið, heiti þess að lögum og aðra skilgreiningu og loks heimfærslu þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla ef því er að skipta. Ekki er þó áskilið að þar sé lýst huglægri afstöðu ákærða til þess verknaðar sem ákært er fyrir, enda skera dómstólar úr um saknæmi verknaðar. Þá segir í 1. mgr. 180. gr. laganna að hvorki megi dæma ákærða fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Þó megi sakfella ákærða þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari að vörn hafi ekki verið áfátt þess vegna. Dómari geti gefið aðilum færi á að tjá sig um atriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Með sömu skilyrðum sé dómara og rétt að dæma eftir öðrum refsíákvæðum en fram koma í ákæru en þó aldrei aðrar kröfur en þar greinir.

93. Af hálfu ákæruvaldsins hefur ekki verið vísað til 204. gr. almennra hegningarlaga og sýnist málatilbúnaður þess vera á því reistur að ákærði hafi framið umrætt brot af ásetningi, þar sem honum hafi verið kunnugt um aldur brotþola eftir samtal þeirra þar um. Í þessu sambandi er rétt að líta til þess að 204. gr. laganna hefur ekki að geyma sjálfstæða lýsingu á þeirri háttsemi sem hún tekur til heldur er þar m.a. vísað til brots samkvæmt 202. gr. laganna. Verknaðarlýsing hins refsínæma verknaðar er því í meginatriðum hin sama hvort sem ákært er fyrir ásetningsbrot samkvæmt 1. og/eða 2. mgr. 202. gr. eða brot er framið af gáleysi samkvæmt 204. gr. Að þessu gættu verður ekki talið að verknaðarlýsing ákæru og fyrirmæli 152. gr. laga nr. 88/2008 standi því í vegi að háttsemi ákærða í þessu máli verði heimfærð undir 204. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. og/eða 2. mgr. 202. gr. sömu laga. Um þetta vísast til efnisgreina nr. 14–15 í dómi Landsréttar frá 26. febrúar 2021 í máli nr. 127/2020. Enn fremur er í þessu sambandi til þess að líta að við munnlegan flutning málsins var m.a. fjallað um hvort ákærði hafi vitað eða mátt vita um aldur brotþola í umrætt sinn. Að þessu virtu verður ekki talið að það hafi komið niður á vörnum ákærða þótt hið ætlaða brot hans sé ekki heimfært undir 204. gr. almennra hegningarlaga í ákæru.

Um kynferðislega áreitni

94. Ákæruvaldið byggir á því að sú háttsemi ákærða að kyssa brotþola á munninn umrætt kvöld hafi falið í sér kynferðislega áreitni í skilningi 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt nefndu lagaákvæði er lögð refsing við annarri kynferðislegri áreitni en þeirri sem greinir í 1. mgr., en 1. mgr. varðar samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 15 ára. Í umræddu lagaákvæði er ekki skilgreint nánar hvaða háttsemi teljist kynferðisleg áreitni í skilningi þess en í þeim efnunum má m.a. hafa hliðsjón af

ákvæði 199. gr. laganna þar sem hugtakið er skilgreint, en þó ekki tæmandi talið hvaða háttsemi geti fallið þar undir. Með hliðsjón af því sem þar kemur fram og að virtri dómaframkvæmd verður talið að koss á munn geti talist til kynferðislegrar áreitni í þessum skilningi, sé hann í óþökk þess einstaklings sem hann beinist að.

95. Ákærði hefur gengist við því að kossinn hafi átt sér stað en kveður hann hafa verið gagnkvæman og kveðst jafnframt hafa talið að brotþoli væri eldri en hún var.
96. Um ætlaða vitneskju ákærða um aldur brotþola nýtur ekki annars við en framburða þeirra tveggja um samtal þeirra þar að lútandi umrætt kvöld og þeim ber ekki saman. Í skýrslu sinni fyrir dómi í Barnahúsi kvaðst brotþoli ekki muna hvernig það gerðist að ákærði fór að kyssa hana en kvaðst þá hafa tjáð honum að hún væri að verða 15 ára en væri ekki á hans aldri. Í skýrslu sinni við aðalmeðferð málsins bar brotþoli um að hún hefði sagt ákærða að hún væri bara 14 ára en ákærði hafi þá spurt hvort það þýddi að hann mætti ekki kyssa hana. Brotþoli kvaðst minna að hann hafi í framhaldinu kysst hana. Þannig kvaðst hún muna þetta þannig að þau hafi fyrst talað um aldur hennar og svo farið að kyssast. Ákærði neitaði því aftur á móti í skýrslu sinni fyrir dómi að aldur brotþola hefði borist í tal í umræddu samtali þeirra og kvaðst hafa talið að brotþoli væri á bilinu 18–20 ára. Í skýrslum sínum hjá lögreglu bar hann sömuleiðis um að þau hefðu kysst í sófanum og hann hafi talið að hún væri á bilinu 18–20 ára. Í fyrri skýrslunni kvaðst hann þó muna að þau hefðu rætt eitthvað um aldur hennar.
97. Þar sem ekki nýtur annars við um ætlaða vitneskju ákærða um aldur brotþola hefur ákæruvaldið að mati dómsins ekki sannað nægilega að ákærði hafi vitað um aldur brotþola og ásetningur hans hafi staðið til þess verknaðar sem lýst er í 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Aftur á móti verður að telja að ákærða, sem var á 33. aldursári þegar atvik málsins áttu sér stað, hafi hlotið að vera ljóst að verulegur aldursmunur var á honum og brotþola, enda hefur hann sjálfur borið um að hann hafi talið hana vera 18–20 ára gamla. Undir þeim kringumstæðum bar ákærða að ganga úr skugga um það hver aldur brotþola væri, áður en hann kyssti hana, og verður það metið honum til gáleysis að hafa ekki gert það, sbr. 204. gr. almennra hegningarlaga.
98. Af hálfu ákærða hefur því verið borið við að brotþoli hafi verið samþykkt kossinum og hafi kysst hann á móti. Í þeim efnum er til þess að líta að 1. mgr. 202. gr. leggur fortakslaust bann við samræði eða öðrum kynferðismökum við barn undir 15 ára aldri og skiptir í þeim efnum engu þótt barnið hafi samþykkt verknaðinn. Hið sama á þá jafnframt

við um brot gegn 2. mgr., sem snýr að kynferðislegri áreitni en þar sem jafnframt er um verknaðarlýsingu vísað til 1. mgr. Hið ætlaða samþykki brotþola gat því ekki leyst ákærða undan refsíabyrgð.

99. Að framangreindu virtu verður ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 202. gr., sbr. 204. gr., almennra hegningarlaga fyrir að hafa kysst brotþola á munninn í umrætt sinn.

Kynferðismök ákærða við brotþola

100. Ákærða er jafnframt gefið að sök að hafa haft samræði við brotþola í íbúð ákærða umrætt kvöld, án samþykkis brotþola.
101. Um þetta hefur brotþoli borið í framburði sínum fyrir dómnum við aðalmeðferð málsins og áður í skýrslu fyrir dómi í Barnahúsi. Í fyrri skýrslu sinni greindi hún, eins og nánar greinir í efnisgrein nr. 25 hér að framan, m.a. frá því að eftir að hún kom með ákærða niður í íbúð hans hafi hann klætt hana úr fötunum, hún sagt að hún vildi þetta ekki en ákærði samt haldið áfram, eins og brotþoli „hafi ekki sagt bara hreint út nei“. Eftir að ákærði hafi farið ofan á hana, og ákærði verið kominn með getnaðarlim sinn inn í leggöng hennar, hafi hún sagt „bara stopp“ en ákærði samt haldið samförunum áfram. Við aðalmeðferð málsins lýsti hún þessum hluta atburðarásar kvöldsins ekki með eins nákvæmum hætti en kvaðst þó hafa sagt ákærða ítrekað að sér fyndist þetta vont, sbr. efnisgrein nr. 59 hér að framan.
102. Ákærði hefur bæði fyrir dómnum og í skýrslum hjá lögreglu neitað því staðfastlega að hafa haft kynmök við brotþola og raunar einnig því að brotþoli hafi yfirhöfuð komið í íbúð hans. Þó kvaðst hann fyrir dómnum muna verr eftir seinni hluta kvöldsins en fyrri hluta þess og í skýrslu hjá lögreglu kvaðst hann eiginlega bara muna eftir byrjuninni á kvöldinu en að seinni hluti þess væri „voðalega blörrí“, fyrir utan að hann muni að hann hafi verið orðinn „alveg óendanlega þreyttur“, þannig að hann hafi farið heim. Um það sem gerst hafi í íbúð ákærða nýtur ekki við annarra framburða. Aftur á móti hafa bæði móðir brotþola og þáverandi kærasti hennar borið um það að brotþoli hafi bankað á hurð salernisins sem þau voru inni á og sagt að hún væri á leið niður í íbúð ákærða og að stuttu síðar hafi hún komið upp aftur og sagt frá því að eitthvað hefði komið fyrir. Þessi atriði eru til þess fallin að draga úr trúverðugleika framburðar ákærða varðandi það að brotþoli hafi ekki komið í íbúð hans og þá jafnframt trúverðugleika framburðar ákærða í heild sinni.

103. Brotapoli hefur að mati dómsins verið í öllum aðalatriðum stöðug í framburðum sínum um atvik málsins að þessu leyti og frásögn hennar hefur verið einlæg og sannfærandi. Framburðum hennar ber í aðalatriðum saman við framburði annarra um hvað hún hafi sagt þeim um umrædd atvik, þ.e. félagsráðgjafa hjá Barnavernd Eyjafjarðar og sálfræðings hjá Heilsugæslu Akureyrar, auk fósturmóður brotþola og móður. Þá er framburður umrædds sálfræðings um greiningu á áfallastreitu sem sérstaklega tengist þessum atburði, sbr. sérstaklega efnisgrein nr. 80 hér að framan til þess fallinn að styðja við framburð brotþola. Hið sama er að segja um þær upplýsingar sem fram koma um áfallastreitu á samskiptaseðli frá sama félagsráðgjafa og eru raktar í efnisgrein nr. 19. Enn fremur styður það við framburð brotþola, á kostnað framburðar ákærða, að hún gat fyrir lögreglu og fyrir dómnum teiknað herbergjaskipan í íbúð ákærða, þannig að teikningunni bæri saman við teikningar ákærða, þótt ekkert sem fram hefur komið í málin bendi til þess að hún hafi komið í íbúð ákærða í annan tíma en umrætt kvöld.
104. Að öllu framangreindu virtu er það mat dómsins að ákærvaldið hafi sýnt nægilega fram á það, sbr. 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála að ákærði hafi haft samræði við brotþola í umrætt sinn.
105. Þótt sannað sé að ákærði hafi með því brotið gegn 1. mgr. 202. gr., sbr. 204. gr. almennra hegningarlaga, með því að hafa samræði við brotþola meðan hún var undir 15 ára aldri, leiðir það ekki sjálfkrafa til þess að brot ákærða teljist jafnframt varða við 1. mgr. 194. gr. sömu laga. Í síðastnefndu lagaákvæði kemur fram að hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann án samþykkis hans gerist sekur um nauðgun. Jafnframt kemur fram að samþykki telst liggja fyrir ef það er tjáð af fúsum og frjálsum vilja en ekki ef beitt er ofbeldi, hótunum eða annarri ólögmati nauðung.
106. Sá þáttur verknaðarlýsingu ákæru sem snýr að ætluðu broti ákærða gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga snýr að því að ákærði hafi haft samræði við brotþola án hennar samþykkis en hann hafi nýtt sér yfirburðastöðu sína vegna aldurs- og þroskamunar og beitt hana þannig ólögmati nauðung.
107. Í dómi Hæstaréttar 11. júní 2025 í máli nr. 2/2025 var dregin sú ályktun að ekki yrði ráðið af orðalagi tilvitnaðs lagaákvæðis að samþykki til samræðis eða annarra kynferðismaka gæti ekki legið fyrir ef brotþoli væri yngri en 15 ára. Ekki væri heldur tekin skýr afstaða til þess í athugasemdum í frumvörpum sem urðu að lögum nr. 61/2007 og 16/2018 sem breyttu ákvæðinu. Sú vernd sem 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga

sé ætlað að veita börnum allt að 15 ára aldri byggist meðal annars á því að viljastyrkur og mótstaða þeirra gegn kynferðislegri ágengni sé að jafnaði minni en fullorðinna, ekki síst þegar töluverður aldursmunur er á geranda og þolanda. Þegar barn á 15. aldursári hafi sætt kynferðisbroti sem falli undir það refsíákvæði verði þó ekki sjálfkrafa dregin sú ályktun að háttsemin teljist einnig nauðgun í skilningi 1. mgr. 194. gr. laganna. Við slíkar aðstæður þurfi því að fara fram sjálfstætt mat á því hvort það leiði af þroska barnsins og öðrum atvikum að um gilt samþykki geti ekki verið að ræða. Við þær aðstæður sem uppi voru í því máli yrði sakfelling ákærða fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. laganna því ekki byggð á því einu að brotþoli hefði ekki verið orðin fullra 15 ára á þeim tíma sem atvik áttu sér stað. Þessi sömu sjónarmið eiga að breyttu breytanda við um það mál sem hér er til úrlausnar.

108. Að framan var komist að niðurstöðu um að framburður brotþola væri trúverðugri en framburður ákærða um þau atvik sem deilt er um. Það á við um framburð brotþola í heild sinni, þar á meðal frásögn hennar í skýrslu sinni fyrir dómi í Barnahúsi um það hvernig hún hafi sagt brotþola að hún væri mótfallin kynmökunum og beðið hann ítrekað um að hætta, sbr. efnisgrein nr. 25. Með þessu er nægilega sannað að brotþoli hafi gert ákærða það ljóst að hún væri þeim ekki samþykk. Þar með eru uppfyllt skilyrði refsíabyrgðar samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Ákvörðun refsingar, sakarkostnaður og miskabætur

109. Með vísan til framangreinds er niðurstaða dómsins sú að sakfella skuli ákærða fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 202. gr., sbr. 204. gr., almennra hegningarlaga og 1. mgr. 194. gr. sömu laga. Með hliðsjón af dómaframkvæmd í málum sem varða sambærileg brot telst refsing ákærða, sem hefur samkvæmt framlögðu sakarvottorði ekki áður gerst brotlegur við refsilög, hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði.
110. Samkvæmt 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þar með talin eru málsvarnarlaun verjanda hans og þóknun réttargæslumanns brotþola. Virðisaukaskattur er meðtalinn í þeim fjárhæðum sem ákvarðaðar eru í dómsorði. Að auki hefur fallið til aksturkostnaður verjanda að fjárhæð 69.600 krónur og réttargæslumanns að fjárhæð 34.122 krónur.
111. Í ljósi niðurstöðu um sakfellingu ákærða verður hann jafnframt dæmdur til að greiða brotþola miskabætur samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun fjárhæðar þeirra er einnig tekið mið af

dómaframkvæmd. Í einkaréttarkröfu er upphafstími vaxta miðaður við daginn sem brotið var framið og upphafstími dráttarvaxta við þann dag þegar mánuður var liðinn frá birtingu bótakröfu fyrir ákærða. Fallist verður á upphafstíma vaxta og dráttarvaxta í samræmi við það.

112. Hilda Rut Harrysdóttir saksóknarfulltrúi flutti málið af hálfu ákærvaldsins, Júlí Ósk Antonsdóttir lögmaður, skipaður réttargæslumaður brotþola, flutti málið vegna einkaréttarkröfu brotþola og Jón Stefán Hjaltalín Einarsson lögmaður, skipaður verjandi ákærða, flutti málið af hálfu ákærða.
113. Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, Andrés Páll Ragnarsson, sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Ákærði greiði 3.111.192 krónur í sakarkostnað, þar með talið 1.802.190 krónur vegna málsvarnarlauna verjanda síns, Jóns Stefáns Hjaltalín Einarssonar lögmanns, og 1.205.280 krónur vegna þóknunar réttargæslumanns brotþola, Júlíar Óskar Antonsdóttur lögmanns.

Ákærði greiði brotþola, Y, 2.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2023 til 7. febrúar 2025 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Þorsteinn Magnússon